



# LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

## Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** - 8. feb. 2021 frá kl. 14:00. Haldinn á Teams. 1. fundur starfsársins.

### Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri  
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn  
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð  
Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótshlíðar  
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps  
Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar  
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands  
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótshlíðarhrepps  
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:** Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri, Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn, Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð, Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Múlaþings, Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar, Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands, Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótshlíðarhrepps og Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi. Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps mætti ekki. (Margrét María stýrði fundi og ritar fundargerð.)

### Dagskrá fundar:

1. Síðasta fundargerð, frá 30. nóvember 2020 lögð fram til samþykktar. Engar athugasemdir og er hún samþykkt. MMS fór yfir að hún ætlar að senda ársreikning og fundargerðir til undirritunar og fundarmenn eigi að senda skjalið til baka þegar búið er að undirrita.
2. Ársreikningur fyrir árið 2020 kynntur og samþykktur  
Ársreikningur fyrir árið 2020 var samþykkt og BI ætlar skoðar ógreiddu kröfurnar frá Seyðisfirði, Borgarfirði Eystri og Djúpavogi og eru nú hluti af Múlaþingi.
3. Forgangsröðun verkefna nefndarinnar – á hvað skal leggja áherslu / skipting verkefna fyrir næsta fund. KÓG stýrði þessum lið.
  - a. Gróðureldar: Áhyggjur eru vegna þessara mála hjá slökkviliðinu á héraði.
    - i. Ákveðið var að slökkviliðsstjórnir tveir tækju þetta að sér og kæmu með tillögur. Þeir þegar hist og farið yfir þessi mál.
      1. Til er áætlun um gróðurelda í Skorradal, líklega sú eina á sinnar tegundar á landinu.
      2. Margir þurfa að koma að borðinu, en helstu staðir eru Einarstaðir og eins þéttbýli skógivaxið á Egilsstöðum. Eiðar einnig og Hallormsstaður.
      3. Skipuleggja þarf varnarlinur og vatnsupptöku og fleira. Ákveða þarf aðkomu- og flóttaleiðir.



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

4. Snýr að áætlun um góðurelda og eins brunavarnaráætlun fyrir Múlaþingi sem er í vinnslu.
5. Rætt um að Einarstaðir væri að líkindum sá staður sem fyrst þyrfti að skoða.
- ii. Slökkviliðstjórnarnir vinni þessum málum, finna samstarfsaðila og búta verkefnið niður.
  1. Þeir gera fundarmönnum grein fyrir niðurstöðum og vinnu fyrir næsta almannavarnanefndarfund.
- b. Stíflurof á Fjarðarheiði?
  - i. Bl fer yfir þau mál og finnur gögn fyrir næsta fund.
- c. Rafmagnsleysi í óveðri: Umræða um hvort ætti að kortleggja stöðuna með Landsneti, Rarik og mögulega fleiri aðilum. Stefnt að því að hver kanni stöðuna í sínum ranni. Ef eitthvað vantar upp á til að staðan sé ásættanleg þá komi fram til hvaða ráðstafana rétt sé að grípa. Markmiðið er að ná heildaryfirlit yfir stöðuna og meta í kjölfarið hvar skórinn kreppir.
  - i. Vopnafjörður þegar svarað.
  - ii. Landsbjörg svarað
  - iii. HGE svarað en vinnur áfram greinargerð um Múlaþing
  - iv. JBH og GHS vinna greinargerð um Fjarðabyggð
- d. Stjórnstöðvar almannavarna, hvar eiga þær að vera / hvernig skulu þær búnar?
  - i. Verður skoðað m.t.t. búnaðar sem þarf að koma upp, þar á meðal rafmagnsöryggi, sjá lið hér fyrir ofan.
  - ii. Fundarmenn sammála um að bíða aðeins með þetta mál, - mikil þróun í fjarfundarbúnaði sem gæti gert stjórnstöðvar á einum stað óþarfar
4. Söfnun upplýsinga á einn stað um þá sem hafa hlutverk í almannavarnaástandi, skipt á staði/sveitarfélög (Nafn, staða/hlutverk, netfang, símanúmer) KÓG stýrði þessari umræðu.
  - a. Lítið gerst í þessu máli. Saltað í bili.
5. Verklag um það hvernig farið er með upplýsingar um vá sem fyrirsjáanleg er, - svo sem veðurviðvörðun, snjóflóðahættu,- áhlaðanda ! KÓG stýrði þessari umræðu
  - a. Frá síðasta fundi hefur verið unnið samkvæmt þessu verklagi. Allir sáttir.
6. Önnur mál
  - a. Skoða þarf hópá í bjargir.is, hvort þeir séu réttir miðað við áætlanir. Lögregla og slökkvilið skoða í sínum ranni. HSA þarf einnig að koma að þessari vinnu. (HGE-GHS-KÓG)
  - b. Umræða um hugtakanotkun, - almannavarnanefnd kynnt til sögunnar í fjölmiðum sem ákvörðunaraðili um lokun á líkamsrækt á Héraði, - átti að vera aðgerðarstjórn.
7. Næsti fundur nefndarinnar ákveðinn ákveðið 22. mars klukkan 14:00.

Fundi slitið klukkan 15:00.

Margrjet M. H.  
Svein H. S.  
Svein H. S.

Svein H. S.

Alm. Stjórn

Havelok C. Eder

Kristján Þ. Jónsson

Svein H. S.